

Reykjavík 6. febrúar 2017

Bt. Skipulagstjóra Hafnarfjarðar

Efni: Einhella 6; breyting á deiliskipulagi**Lóðin**

Samkvæmt núgildandi skipulagi er lóð nr. 6 við Einhellu 6273,1 fermetrar að stærð og þar er heimilt að byggja tvær byggingar, sem stæðu gengt hvor annarri, en bílastæði á milli.

Hugmyndir eiganda lóðar

Félagið Strókur ehf, sem nýverið hefur fest kaup á lóðinni hyggst reisa þar eina byggingu undir stórvirkar vinnuvélar, langferðabíla og flutningabíla. Sú starfsemi krefst opinna athafna- og geymslusvæða og því vill hann falla frá heimildinni til að byggja tvö hús og byggja í þeirra stað eitt hús. Mikilvægt er að húsið verði austan megin á lóðinni og að innkeyrsluhurðir snúi í vestur, í skjóli fyrir óhagstæðum vindáttum og slagviðrum. Lóðarhafi vill jafnframt stækka lóðina svo húsið sem hann hyggst byggja rúmist innan hennar.

Á meðfylgjandi teikningum sést fyrirkomulag lóðar og hugmynd að útliti byggingar sem lóðarhafi leggur til grundvallar umsókn þessari. Á þeim eru einnig sýndar tvær tillögur að stækkun lóðar; stækkun "A" og stækkun "B".

Umsókn


Sótt er um að stækka lóð nr. 6 við Einellu um 710 fermetra (tillaga "A") og til vara um 355 fermetra (tillaga "B"). Jafnframt er sótt um að breyta byggingarreit og aðkomu að lóð, til samræmis við meðfylgjandi tillögu.

Með von um jákvæð viðbrögð

Virðingarfyllst



Orri Árnason, arkitekt

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	6.2.2017
Málsnr:	1702130
Bréfal:	512